

---

## Hreinsun frárennslis í Grindavík

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 30. nóvember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Grindavíkurbæ um fyrirhugaða hreinsun frárennslis í Grindavík, Grindavíkurbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.06 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grindavíkurbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hreinsun frárennslis í Grindavík. Fyrirspurn um matsskyldu. Grindavíkurbær, október 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfisstofnun dags. 8. janúar 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja dags. 21. desember 2020.
- Minjastofnun Íslands dags. 22. desember 2020.
- Hafrannsóknastofnun dags. 21. desember 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 16. febrúar 2021.



### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD



Mynd 1. Staðsetning hreinsistöðvar í Grindavík

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu hreinsistöðvar fyrir affallsvatn í Grindavík. Flatarmál stöðvarinnar er um 370 m<sup>2</sup> og í stöðinni verður vélarými, varaafslrými, töflurými, rými fyrir loftræstibúnað og lífsíu, dælurými, sveifluþrær, grjótgildru og yfirfallsbrunn ásamt starfsmannaaðstöðu. Stöðin verður á þremur hæðum í heild, tveimur yfir borði ásamt dælujallara. Stærð lóðar fyrir hreinsistöðina er um 3.290 m<sup>2</sup>.

Efnisþörf meðfram lögnum er áætluð um 4.000 m<sup>3</sup> og önnur aðkeyrð fylling er áætluð um 7.000 m<sup>3</sup>. Efni verður fengið úr opnum, starfsleyfisskyldum námum í nágrenninu. Allur umframgröftur sem ekki verður hægt að nýta verður keyrður í Melhólsnámu eða annan viðurkenndan losunarstað eða nýttur í aðrar jarðvinnuframkvæmdir sé hann til þess hæfur.

Hreinsistöðin verður hönnuð sem eins þrepa hreinsistöð með möguleika á að koma fyrir aukinni hreinsun ef kröfur um frekari hreinsun verða gerðar. Hönnunarrennsli stöðvarinnar er ákveðið 300 l/s en komið verður fyrir þremur dælum sem ráða við allt að 150 l/s hver.

Skólpið er leitt í gegnum grjótfang og þar á eftir er því dælt í þrjár þrepaþrær þar sem það er hreinsað. Fyrir framan dælurnar er hnífakerfi sem sker stærra plasthluti og kemur í veg fyrir að dælurnar stíflist. Rusl frá hreinsisíum er þjappað í þvottapressum og lífrænn vökvi skilinn frá. Ruslið fer svo með sniglum í ruslakör. Vökvi frá þrepaþrærum og þvottapressu er leiddur í sveifluþró þar asen hreinsuðu skólpi er dælt út um útrásarlögn.

Gert er ráð fyrir að fastur ristarúrgangur frá síum verði um 10.500 kg á ári. Úrganginum verður komið til móttökuaðila úrgagns og honum fargað með brennslu eða annarri viðurkenndri aðferð.

Þar sem hreinsistöðin er staðsett í umhverfi sem er viðkvæmt fyrir lyktarmengun verður komið fyrir búnaði sem fjarlægir lykt frá útkasti loftræstikerfisins. Notaðar verða lífsíur í loftræstikerfi.



Samanlagður persónueiningafjöldi árið 2018 var metinn af Umhverfisstofnun og var hann áætlaður um 9.831 pe, þar af 3.319 frá íbúum, 6.671 frá iðnaði, 236 frá gistirýmum og 10 frá öðrum.

Lögð verður um 1.350 m löng útrásarlögn sem verður 500 mm í þvermál. Fyrsti kílómeterinn verður lagður á um 1,2 m dýpi í veg á vestanverðu Hópsnesi en síðustu 350 m verð boraðir í gegnum berg og út í Járngerðarstaðavík. Lögnin mun koma útúr berginu á um 10 m dýpi og ekki er gert ráð fyrir dreifistútum á lögninni. Gerð var hermun á losun skólps á þessu svæði og samkvæmt niðurstöðum hermílikans þá yrði þynning í viðtakanum mikil og ólíklegt að að styrkleiki saurkóligerla verði yfir mörkum reglugerðar um fráveitur og skólp.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Grindavíkurbæjar og umsögnum umsagnaraðila.

### Vatnsgæði viðtaka

Fram kemur að að hreinsuðu skólpi verður veitt um 300 metra út frá ströndinni í Járngerðarstaðavík. Viðtakinn er Atlantshafið sem telst vera síður viðkvæmur viðtaki og samkvæmt þynningarútreikningum mun skólpið þynnast hratt við enda útrásar. Samkvæmt dreifilíkani mun styrkur örvera vera undir viðmiðunarmörkum við ströndina. Áhrif á viðtaka eru talin vera jákvæð þar sem við núverandi aðstæður fer skólp óhreinsað í Járngerðarstaðavík og höfnina en með gerð hreinsistöðvarinnar verður skólpið hreinsað og jafnframt verður það leitt lengra út í sjó en nú er gert.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem áætluð losun sé undir 10.000 PE er ekki gerð sérstök krafa um að viðtaki sé skilgreindur síður viðkvæmur. Bendir stofnunin þó á að ekki sé búið að skilgreina vatnshlotið sem síður viðkvæman líkt og haldið er fram í greinagerð og ekki sé þörf á því nema losun fari yfir 10.000 PE. Samkvæmt skilyrðum um viðunandi hreinsun í reglugerð um fráveitur og skólp er þó líklegt að sú hreinsun sem boðuð er í matsskyldufyrirspurn muni uppfylla þau skilyrði sem sett eru í reglugerð ef losunin eykst umfram það sem upp er gefið.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að ef útrásarlögn liggur neðar en stórstraumsfjöruborð þarf framkvæmdaraðili að fá samþykki stofnunarinnar fyrir lagningu hennar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í svari Grindavíkurbæjar kemur fram að gera megi ráð fyrir að bygging skólphreinsistöðvarinnar hafi jákvæð áhrif á vatnshlotið sem losað verður í þar sem engin hreinsun sé á skólpi í dag. Rétt sé að viðtaki hafi ekki verið formlega skilgreindur sem síður viðkvæmur en að líklegt megi telja að hann geti talist síður viðkvæmur þar sem hann er fyrir opnu hafi. Einnig kemur fram að við hönnun stöðvarinnar verði gert ráð fyrir að hægt verði að bæta við hreinsunarþrepum ef kröfur verði gerðar um ítarlegri hreinsun.

Einnig kemur fram í svari framkvæmdaraðila að aðalútrásarlögn verði boruð í gegnum bergið og því ekki um eiginlega neðansjárleiðslu að ræða og því telur framkvæmdaraðili að framkvæmdin falli ekki undir reglugerð sem Umhverfisstofnun minnst á. Komi hins vegar í ljós að framkvæmdin falli undir reglugerðina verði sótt um öll viðeigandi leyfi.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að talið sé líklegt að kröfur til skólphreinsunar muni aukast í framtíðinni m.a. með tilliti til örplasts sem kemur frá fráveituvatni í viðtaka. Í tilkynningu komi fram að áætlað sé að nota búnað til að tæta plast niður í minni einingar til að stífla ekki síur stöðvarinnar. Telur Hafrannsóknarstofnun að mikilvægt sé að allt plast verði tekið frá og ekki leitt í viðtaka.



Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hnífakerfi verði fyrir framan dælur sem dæla skólpinu upp á síurnar. Hnífakerfið skeri/tæti stærri hluti úr plasti í minni hluta en ekki þannig að það myndist örplast. Eftir skurðinn fari plastið í gegnum síurnar þar sem það hreinsast frá skólpinu.

### **Lyktarmengun**

Fram kemur að lofti frá skólphreinsistöð geti fylgt ólykt sem geti valdið ónæði í nærliggjandi byggð. Við hönnun stöðvarinnar hafa verið gerðar ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun og verða lífsúr settar á loftræstikerfi stöðvarinnar sem brjóta niður illa lyktandi efni og draga þar með úr lyktarmengun. Áhrif framkvæmdarinnar eru því talin óverulega neikvæð á lyktarmengun.

### **Menningarminjar**

Ekki var fjallað um fornminjar í greinagerð framkvæmdaraðila.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fyrir liggja skýrsla Fornleifastofnunar Íslands frá árinu 2002. Sú skýrsla uppfylli þó ekki núverandi kröfur um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir fornleifum í landi Hóps og samkvæmt henni er að finna fornleifar á lagnaleið útrásar. Á vestanverðu Hópsnesi er að finna fjórtán fornleifar. Fornleifarnar eru hnitsettar í skýrslunni sem punktur sem venjulega er gefinn í miðri fornleif og sýni því ekki umfang fornleifanna. Einhverjar af áðurnefndum fornleifum liggja fast við veg sem gert er ráð fyrir að sé sá sami og umræðir í matsskyldufyrirspurninni. Bendir stofnunin á að svo hægt sé að meta áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar sé nauðsynlegt að uppfæra áðurnefnda fornleifaskráningu samkvæmt núverandi skilyrðum um fornleifaskráningu. Einnig að taka þurfi tillit til fornleifanna þegar lega lagnarinnar verður ákveðin. Telur stofnunin að framkvæmdin eigi því að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að bæði aðalútrás og neyðarútrás veðri lagðar að mestu um landssvæði sem nú þegar hefur verið raskað og ekki gert ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa mikil áhrif á fornminjar. Áður en framkvæmdir hefjist mun framkvæmdaraðili fá fornleifafærðing til að fara á framkvæmdasvæðið til að skrá fornminjar. Komi í ljós að framkvæmdin muni geta haft áhrif á fornminjar muni framkvæmdaraðili bregðast við með að færa legustæðið til svo að fornminjum stafi ekki hættu af framkvæmdinni. Áður en endanleg lega lagnanna verður ákveðin verða fornminjar á og við svæðið skráðir, staðsettir og tekið tillit til þeirra við endanlega staðsetningu lagnanna.

### **Áhrif á ásýnd og landslag**

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að einhverra sjónrænna áhrifa komi til með að gæta af hreinsistöðinni en hönnun stöðvarinnar hefur ekki farið fram. Þar sem stöðin er á skilgreindu iðnaðarsvæði verður ekki lögð sérstök áhersla á að fella bygginguna inn í landslagið. Þó verður lögð áhersla á að hönnun og frágangur byggingarinnar verði sem snyrtilegastur og í samræmi við staðsetningu og nærliggjandi byggingar. Sjónræn áhrif af völdum framkvæmdarinnar eru talin vera óverulega neikvæð. Einnig kemur fram að á framkvæmdarsvæði sé ekki að finna verndarsvæði.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að Hópsnes, þar sem útrásarlögn mun liggja, er hverfisverndað samkvæmt Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 og telur stofnunin mikilvægt að framkvæmdin rýri ekki verndargildi hverfisverndarsvæðisins. Einnig bendur stofnunin á að á Hópsnesi er nútímahraun sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun telur að valin leið útrásar, eftir vegi og bora lögnina undir hraun og fjöru, sé til þess fallin að lágmarka rask vegna útrásarinnar, svo fremi sem að borun lagnarinnar valdi ekki raski á yfirborð hrauns og fjöru.

Í svari Grindavíkurbæjar kemur fram lega útrásarlagnar verði að mestu, eða nánast öllu leiti, á svæði sem er raskað og verður leitast við að leggja lagnirnar í og við vegslóða sem eru á svæðinu til að lágmarka rask. Einhver lítill hluti gæti þurft að fara yfir ósnortið hraun og verður þá reynt að halda öllu raski í lágmarki. Einnig telur framkvæmdaraðili að miðað við umfang eldhrauna á nútíma innan



Grindavíkur þá muni þessi framkvæmd ekki hafa umtalsverð áhrif á jarðmyndanir skv. 61. gr náttúruverndarlaga.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2010-2030. Gera þarf breytingu á skipulagsákvæðum fyrir umrætt svæði þar sem settar verði fram heimildir fyrir skólphreinsistöð og lagningu fráveitulagnar.

Jafnframt þar að breyta deiliskipulagi vegna framkvæmdarinnar í samræmi við framangreinda breytingu á aðalskipulagi og einnig þarf breytingin að ná yfir allt framkvæmdasvæðið, þ.m.t. lagnaleið.

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar og staðfest deiliskipulag vegna framkvæmdarinnar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig byggingarleyfi Grindavíkurbæjar samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengarvarnareftirlit. Jafnframt mögulega háð leyfi Umhverfisstofnunar vegna lagningu frárennislagnar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða byggingu 1. þrepa hreinsivirkis fyrir skólþ og lagningu frárennislagnar í Grindavík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndun, mengun og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ljóst er að framkvæmdin er tiltölulega umfangslítill. Flatarmál hreinsistöðvarinnar er um 370 m<sup>2</sup> og áætlað er að leggja allt að 1.350 m frárennislöng en hún verður að mestu lögð á svæði sem er nú þegar raskað eða allt að 1 km. Síðustu 350 metrana er áætlað að bora lögnina í gegnum hraunið en við borunina verður ekki rask á yfirborði hraunsins samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila. Framkvæmdin mun hafa með sér jákvæð áhrif mengun og hættu fyrir heilbrigði manna þar sem skólþ í dag fer óhreinsað í viðtaka en með framkvæmdinni mun fara fram hreinsun á skólþi og jafnframt mun frárennslí vera dælt lengra frá landi en miðað við núverandi ástand. Áformað er að allt að 10,5 tonn af úrgangi myndist með hreinsuninni sem verður komið í viðeigandi förgun, s.s. brennslu.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdin er eins og áður sagði umfangslítill en framkvæmdasvæðið er á nútímahrauni sem fellur undir 61. gr laga um náttúruvernd. Einnig mun útrásarlögn fara í gegnum svæði sem nýtur



hverfisverndar. Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að útrásarlögn verði lögð í eða við veg á svæðinu og hefur því nú þegar verið raskað. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa áhrif á skilyrði hverfisverndar. Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að á svæði þar sem útrásarlögn liggur sé að finna fornleifar sem gætu orðið fyrir áhrifum af legu lagnarinnar en nákvæmlega fornleifanna liggur ekki fyrir. Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að áður en endanleg staðsetning frárennislagnar verði ákveðin verði fenginn fornleifafræðingur til að fara yfir framkvæmdarsvæðið og skrá fornleifar. Einnig kemur fram að ef að í ljós komi að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornminjar þá verði lögnin færð þannig að fornminjum muni ekki stafa hættu af lagningunni.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felast fyrst og fremst í mögulegu riski á fornminjum og jákvæðum áhrifum á vatnsgæði viðtaka. Byggt á framlögðum gögnum og því að fornleifar á svæðinu verði skráðar og tekið tillit til þeirra við lagningu frárennislagnarinnar telur Skipulagsstofnun að áhrif á minjar séu líkleg til að vera óveruleg að því gefnu að samráð verði haft við Minjastofnun um endanlega legu lagnarinnar. Horfir stofnunin þar til þess að áætlað sé að grafa lögnina við eða í veg sem er nú þegar til staðar og ef einhver áhrif verði af þeirri staðsetningu verði lögninni hliðrað til að koma í veg fyrir risk á minjum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að haft verði samráð við Minjastofnun um nákvæmari útfærslu á legu lagnarinnar og mótvægisáðgerðir á grundvelli fornleifaskráningar.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. júní 2021.

Reykjavík, 29. apríl 2021

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson